

Ákvörðun nr. 37/2025  
Föstudagurinn 14. nóvember 2025

## Kaup Samhentra Kassagerðar hf. á öllu hlutafé í Plastco ehf.

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til kaupa Samhentra Kassagerðar hf. („Samhentir“) á Plastco ehf. („Plastco“). Fullnægjandi samrunatilkynning vegna kaupanna barst Samkeppniseftirlitinu þann 4. júní 2025, að undangengnum forviðræðum, sbr. 4. gr. reglna nr. 1390/2020, um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Með tilkynningunni fylgdi lengri samrunaskrá í samræmi við ákvæði 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020. Í samræmi við framangreint byrjuðu frestir eftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 17. gr. d samkeppnislaga, sbr. 12. gr. reglna um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum, að líða 5. júní 2025.
2. Samkeppniseftirlitið lauk málinu án frekari rannsóknar og á fyrsta fasa með bréfi til samrunaaðila þann 10. júlí 2025 en birting hefur tafist vegna anna í öðrum samkeppnismálum.
3. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Með samrunanum eignast Samhentir allt hlutafé í Plastco og mun Plastco því verða undir yfirráðum Samhentra og hluti af samstæðu félagsins. Samkvæmt framangreindu fela kaupin í sér samruna í skilningi 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.
4. Samkvæmt samrunaskrá starfa Samhentir aðallega á umbúðamarkaði og tengdri þjónustu. Félagið sé heildsölufyrirtæki sem bjóði upp á heildarlausnir í umbúðum og öðrum rekstrarvörum og flytji inn og selji slíkar vörur fyrir sjávarútveg, iðnframleiðendur, heildsala og endursöluaðila. Engin framleiðsla eigi sér stað hjá fyrirtækinu á umbúðum en fyrirtækið veiti ráðgjöf til viðskiptavina og flytji inn umbúðir til heildsölu.
5. Í kjölfar kaupa ML10 ehf. á hlutum í Samhentum í apríl 2024, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2024, er eignarhald Samhentra þannig að ML10 ehf. fer með 40,52% hlut í félaginu, SAMPACK 18,95%, Innís ehf. 22,34% og Álfakór ehf. 18,18%. Innís ehf. og Álfakór ehf. eiga svo sinn hvorn 45% hlut í ML10 ehf., ásamt Magenta Ráðgjöf ehf., sem á 10% hlut.
6. Með beinum eða óbeinum hætti eru fjögur félög undir yfirráðum Samhentra, þ.e., Vöruverking ehf., Vörumiðar ehf., Tiesus Kelias ehf. og Formar ehf. Með beinum eða óbeinum hætti eru svo fimm önnur félög undir yfirráðum þeirra fyrirtækja sem fara með yfirráð í Samhentum. Er um að ræða SAMPACK ehf., Bergplast ehf., Umbúðalagerinn ehf., M17 ehf. og Sigurplast ehf.
7. Félagið Plastco er samkvæmt samrunaskrá sérhæft fjölskyldufyrirtæki með umbúðir og lausnir í vélum fyrir ýmsa matvæla- og iðnvinnslu, m.a. pökkunarvélar og umbúðir í þær. Fyrirtækið þjónusti viðskiptavinum við uppsetningu tækja, hugbúnaðar, þjálfun viðskiptavina, varahlutaþjónustu, o.s.frv. auk þess að selja sérhæfðar umbúðir í tengslum við vélar sínar og heyrúlluplast til heildsölu. Þá flytji Plastco inn vélar, auk umbúðir þeim tengdum, og bjóði upp á lausnir fyrir margháttar iðnað.



8. Að mati samrunaaðila sé starfsemi félaganna að nokkru leyti ólík. Áhersla Plastco sé á sölu þjónustu og ráðgjafar hvað varðar vélar, uppsetningu véla, varahlutaþjónustu o.s.frv. og lausna því tengdu, þ.m.t. sölu sérhæfðra umbúða í pökkunarvélar. Starfsemi Samhentra felist hins vegar í að veita heildarlausnir umbúða og umbúðalausna, og þjónustu því tengdu.
9. Þeir markaðir sem báðir samrunaaðilar starfa á og áhrifa gætir skv. samrunaskrá og að sögn aðila, eru annars vegar markaður fyrir sveigjanlegar umbúðir (e. flexible packaging) sem sé undir heildarmarkaði fyrir umbúðir, og hins vegar eftirfarandi markaðir undir heildarmarkaði fyrir endursölu véla til matvæla- og iðnvinnslu (einkum vegna umbúða- og pökkunar í matvælaiðnaði):
  - Markaður fyrir endursölu pökkunarvéla
  - Markaður fyrir endursölu voga og skömmtnunarvéla
  - Markaður fyrir endursölu prent- og límmiðavéla
  - Markaður fyrir endursölu sjálfvirkni- og stýribúnað
  - Markaður fyrir endursölu varahluta og íhluta í vélar.
10. Að því er varðar markað fyrir sveigjanlegar umbúðir telja samrunaaðilar að landfræðilegur markaðurinn málsins teljist að minnsta kosti EES-svæðið, enda sé mikið samkeppnislegt aðhald frá erlendum fyrirtækjum og framleiðendum. Hvað varðar markaði tengda heildarmarkaði fyrir endursölu véla til matvæla- og iðnvinnslu og hluta hans eða undirmarkaði þar undir, sé sá markaður í eðli sínu alþjóðlegur að mati samrunaaðila, en þó talið yrði að landfræðilegur markaður væri Ísland telja samrunaaðilar það ekki hafa áhrif á niðurstöðu málsins.
11. Samrunaaðilar telja markaðshlutdeild sameinaðs félags á markaði fyrir sveigjanlegar umbúðir vera um [15-20]% m.v. tekjur árið 2023. Ef horft yrði til vörusölu Bergplasts við mat á markaðshlutdeild, sem samrunaaðilar telja að eigi ekki að gera, væri markaðshlutdeild samrunaaðila [25-20]% á árinu 2023.
12. Hvað varðar markað fyrir sölu véla til matvæla- og iðnvinnslu telja samrunaaðilar ekki þörf á að áætla markaðshlutdeild á einstaka undirmörkuðum. Um þá markaði er fjallað í samrunaskrá en velta þeirra og samkeppnisaðila greind á heildarmarkaði. Telja samrunaaðilar að eftir því sem markaðir séu skilgreindir með ítarlegri hætti skarist starfsemi fyrirtækjanna minna. Samrunaaðilar, líkt og aðrir samkeppnisaðilar, hafi almennt víðtækt vöruúrval og erfitt sé um vik að greina þá vélasölu niður á einstaka undirmarkaði.
13. Á heildarmarkaði fyrir endursölu véla til matvæla- og iðnvinnslu (einkum vegna umbúða- og pökkunar) telja samrunaaðilar að hlutdeild þeirra sé um [20]% m.v. sölu innlendra aðila árið 2023. Telja samrunaaðilar því fyrirhugaðan samruna ekki hindra virka samkeppni þar sem markaðsráðandi staða verði hvorki til né styrkist. Á markaðnum sé virk samkeppni, m.a. af hendi fyrirtækja með verulega sterka eigendur og móðurfélög, svo sem Multivac ehf., Bewi Iceland ehf. og Samey Robotics ehf., sem og JBT Marel.
14. Að mati samrunaaðila séu samkeppnisleg áhrif samrunans heilt yfir jákvæð. Virk samkeppni sá á markaðnum, takmarkaðar aðgangshindranir og markaðshlutdeild samrunaaðila bendi enda ekki til þess að neikvæð áhrif séu af samrunanum. Auk innlendra aðila sé jafnframt samkeppnislegt aðhald af erlendum aðilum í bæði sölu á vélum og umbúðum í þær vélar. Slíkir



aðilar hafi bæði hafið störf hér á síðustu árum auk þess sem viðskiptavinir hérlandis geti og hafi leitað beint til erlendra aðila til að afla tilboða vegna véla og pökkunar.

15. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, fyrirliggjandi gagna, fyrri rannsókna, auk þess sem upplýsinga og sjónarmiða var aflað frá markaðsaðilum og viðskiptavinum. Þá aflaði eftirlitið frekari gagna og fundaði með samrunaaðilum á forviðræðustigi.
16. Óskaði Samkeppniseftirlitið m.a. eftir upplýsingum frá samrunaaðilum um frekari útlistun á vélakosti samrunaaðila í því skyni að leggja nánara mat á mögulegar markaðsskilgreiningar og samkeppnisleg áhrif samrunans. Í kjölfar rannsóknar Samkeppniseftirlitsins er þó ekki þörf á að taka afstöðu til þess hvort skilgreina þurfi markaði með nánari eða öðrum hætti en aðilar gera þar sem það hefur ekki áhrif á niðurstöðu málsins.
17. Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og rannsókn Samkeppniseftirlitsins eru ekki vísbendingar um að samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða að samkeppni verði raskað að öðru leyti með umtalsverðum hætti þannig að samruninn sé ósamþýðanlegur 17. gr. c. samkeppnislaga nr. 44/2005. Lauk Samkeppniseftirlitið málinu með bréfi til samrunaaðila þann 10. júlí 2025 eins og áður sagði, um að eftirlitið myndi ekki aðhafast. Þannig voru ekki ástæður til íhlutunar né frekari rannsóknar og lauk þá meðferð málsins á fyrsta fasa.

## I. Ákvörðunarorð:

**„Kaup Samhentra Kassagerðar hf. á öllu hlutafé í Plastco ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að hafast frekar að í máli þessu.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson